

Kennsluáætlun UOT

Upplýsinga- og tæknimennt í 6. bekk

Í upplýsinga- og tæknimennt er 1 kennslustund á viku í 6. bekk. Kennarar eru Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen og Elsa Sigrún Elísdóttir

Vinnulag

Lögð er áhersla á að nemendur læri að umgangast tæki skólans á réttan hátt. Unnið er bæði með Chromebook tölvur og Ipada.

Meginviðfangsefni vetrarins er að læra að nýta veraldavefinn í verkefnavinnu ásamt því að fylgja reglum um ábyrga netnotkun, læri að nota mismunandi hug- og tækjabúnað, gagnvirk verkefni og beita grunnfærni við notkun ritvinnsluforrita ásamt réttri fingrasetningu.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	Fingrafimi	Nemandi getur ... unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum. Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. Farið eftir fyrirmælum og nýtt tímann vel. Setið rétt við vinnu við lyklaborð. Beitt réttri fingrasetningu.	Leiðsagnarmat Virgni í tíma
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Chromebook	Nemandi getur ... nýtt leitarvélar við öflun upplýsinga. Geti metið trúverðugleika upplýsinga.	Leiðsagnarmat Tímaverkefni

Tækni og búnaður Forritun	Osmo Ipad Code.org mms.is Vélmenni	Nemandi getur ... Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. Nýtt sér mismunandi hug- og tækjabúnað sér til gagns og ánægju. Beitt grunnfærni við notkun ritvinnsluforrita. Sótt myndir og nýtt í verkefni sín. Beytt grunnfærni við framsetningu tölulegra gagna.	Leiðsagnarmat Virgni í tíma Tímaverkefni
Sköpun og miðlun	Book creator	Sett fram verkefni á skapandi og skýran hátt.	Tímaverkefni
Siðferði og öryggismál		Fylgt reglum um ábyrga netnotkun og áttað sig á siðferðislegum gildum þeirra.	Leiðsagnarmat

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen

Elsa Sigrún Elísdóttir